



Stofnun Háskólaþseturs Snæfellsness

Greinargerð til fjárlaganefndar
2005



Stofnun Háskóla­seturs Snæfellsness

Greinargerð með umsókn Stykkishólmsbæjar til
fjárlaganefndar Alþingis

Haust 2005



Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
1. Eðli og gerð háskólasetra.....	4
2. Háskólasetur Snæfellsness.....	5
3. Hvers vegna Snæfellsnes og Stykkishólmur?.....	6
3.1 Sérstaða náttúru svæðisins.....	6
3.1.1. Fjörur.....	7
3.1.2. Sjór og grunnsævi.....	8
3.1.3. Eyjar.....	8
3.1.4. Jarðfræði.....	8
3.1.5. Verndun og alþjóðleg sérstaða.....	9
4. Hvers vegna háskólasetur?.....	11
5. Ávinningur.....	12
5.1 Fyrir Háskóla Íslands.....	12
5.2 Fyrir Náttúrustofu Vesturlands.....	12
5.3 Fyrir Stykkishólm og Vesturland.....	13
5.4 Fyrir ýmsar stofnanir.....	13
5.5 Fyrir Ísland og umheiminn.....	13
6. Kostnaður og fjármögnun.....	14
7. Þakkir.....	15
8. Helstu heimildir.....	16
9. Myndaskrá.....	16
Viðauki.....	17



“Hlutverk Háskóla Íslands er og hefur alla tíð verið að þjóna allri íslensku þjóðinni. Háskólinn er þjóðskóli, sem vinnur jafnt í þágu þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu og hinna sem búa úti á landi. Fræðastörf og þekkingarleit er ekki bara fyrir fámennan hóp fólks. Allt fólk sem vill bæta lífsskilyrði sín, treysta atvinnulíf, viðskipti og menningarlíf, hagnýtir sér í síauknum mæli alls konar fræði.”

Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands. Úr ræðu á Austurlandi 1999.

Samantekt

Þessi greinargerð fylgir umsókn Stykkishólmsbæjar til fjárlaganefndar Alþingis um styrk að fjárhæð kr. 8,7 milljónir, sem verja á til stofnunar rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Stykkishólmi.

Gert er ráð fyrir stöðu eins náttúrufræðings, sem hefði aðsetur undir sama þaki og Náttúrustofa Vesturlands og hefði aðgang að bókasafni, rannsóknaaðstöðu og –búnaði hennar án endurgjalds. Með slíkri samnýtingu má spara verulega í stofn- og rekstrarkostnaði setursins, auk þess sem Náttúrustofan og slíkt setur styrkja hvort annað. Náttúra svæðisins er geysilega fjölbreytt og rík á heimsvísu og bjóða aðstæður upp á rannsóknamöguleika, sem einungis ímyndunaraflíð takmarkar.

Í þessari greinargerð eru m.a. raktir einstakir eiginleikar náttúru svæðisins ásamt fjölmörgum kostum þess að stofna rannsóknasetur Háskóla Íslands í Stykkishólmi, auk þess sem fjallað er um ávinning þess fyrir Háskóla Íslands, aðrar stofnanir og þá starfsemi sem þegar er á svæðinu.



1. Eðli og gerð háskólasetra

Háskólasetur er sjálfstæð en mikilvæg eining innan stærra kerfis, þ.e. háskóla. Starfsemi háskólasetra getur verið mismunandi, allt frá því að vera hrein rannsóknasetur upp í það að vera litlir háskólar með staðnámi.

Setur Háskóla Íslands eru á könnu Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands en hún er vettvangur samstarfsverkefna Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni. Hún var stofnuð árið 2003 en markmið hennar er að styrkja og efla byggðir landsins með rannsóknum og bættu aðgengi að menntun.

Háskóli Íslands leggur áherslu á fjölbreytilega starfsemi á landsbyggðinni, m.a. vegna þess að þar er aðstaða til ýmissa rannsókna betri en í Reykjavík, t.d. aðgangur að náttúrunni á hverjum stað.

Eiginleg rannsóknasetur Háskóla Íslands eru starfrækt í Vestmannaeyjum (frá 1994), þar sem áhersla er m.a. lögð á rannsóknir á lífríki sjávar, Hveragerði (2000), þar sem viðfangsefni eru m.a. hveralíffræði og vatnavistfræði, Hornafirði (2002), þar sem rannsóknir hafa verið stundaðar á landmótun og loftslagsbreytingum og Sandgerði (2004), þar sem m.a. hafa verið stundaðar rannsóknir á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur. Háskólinn stendur einnig fyrir Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi. Ekkert háskólasetur á vegum Háskóla Íslands er starfandi á Vesturlandi.

Góð reynsla er komin af rannsóknasetrum Háskólans. Á þeim öllum er nán samvinna við aðra hluta Háskólans, erlenda vísindamenn og stúdenta og þar eru stundaðar rannsóknir sem ella væru ekki stundaðar. Að auki hafa setrin jákvæð áhrif á atvinnu- og bæjarlífið á hverjum stað.



2. Háskólasetur Snæfellsness

Stykkishólmsbær leggur til að komið verði á fót Háskólasetri Snæfellsness í Stykkishólmi. Um verður að ræða rannsóknasetur Háskóla Íslands í náttúrufræðum, þar sem stundaðar verða rannsóknir á náttúru svæðisins, sem erfitt eða ókleift væri að sinna frá Reykjavík. Í upphafi er gert ráð fyrir einu stöðugildi sérfræðings (með M.S. eða Ph.D. gráðu í náttúrufræði) sem hafa mun akademíska stöðu við Háskóla Íslands (aðjúnkt, lektor, dósent) og einhverja kennsluskyldu en verður búsettur í Stykkishólmi og sinni starfi sínu þaðan. Kennsluskyldan mun fyrst og fremst verða uppfyllt með því að taka á móti einstaklingum í framhaldsnámi eða nemendahópum í grunnnámi við Háskólann, sem koma í styttri eða lengri námsferðir á svæðið.

Starfsstöð sérfræðingsins verður undir sama þaki og Náttúrustofa Vesturlands og Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða í ráðhúsi Stykkishólmsbæjar en starfssvæði hans verður Breiðafjörður, Snæfellsnes og norðanverður Faxaflói.

Reynslan hefur sýnt að ef tekst að fjármagna grunnkostnað vegna slíkrar starfsemi, munu frekari tekjur koma annars staðar frá, svo sem vegna rannsóknastyrkja og útseldrar þjónustu. Starfsemin mun því vaxa og starfsmönnum fjölga án frekari styrkja frá ríki.

3. Hvers vegna Snæfellsnes og Stykkishólmur?

Af mörgum ástæðum er háskóla setur á Snæfellsnesi eðlileg viðbót við flóru háskólasetra landsins og er Stykkishólmur sérstaklega heppilegur til að hýsa slíkt setur, einkum þegar um er að ræða setur sem leggjur áherslu á náttúru rannsóknir. Helstu ástæður þess eru:

1. Náttúra Vesturlands er einstök, bæði á lands- og á heimsvísu (sjá nánar síðar) og er Stykkishólmur vel staðsettur, m.t.t. rannsókna á henni. Þaðan er stutt að fara út á lífauðugan Breiðafjörðinn eða í eyjarnar og sömuleiðis er stutt út á Snæfellsnes eða suður fyrir fjallgarðinn á leirur norðanverðs Faxaflóa.
2. Fjármagn sem varið verður til Háskólasetursins nýtist einstaklega vel með því að samnýta þá aðstöðu og þekkingu sem fyrir hendi er á Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi. Háskóla setur eins og hér er fjallað um fellur einkar vel að starfsemi Náttúrustofunnar og munu báðar stofnanirnar njóta góðs af náþýli hvor við aðra á margan hátt, ekki síst vegna þess að vísindaleg starfsemi þrífst betur ef einingarnar eru ekki of smáar. Góð reynsla er komin af slíkri samvinnu rannsóknastofnana, m.a. í Sandgerði og Vestmannaeyjum, þar sem náttúrustofur, setur Háskólans o.fl. stofnanir starfa vel saman.
3. Ekkert annað setur Háskóla Íslands er starfrækt eða fyrirhugað á Vesturlandi.
4. Setrið verður í heppilegri fjarlægð frá Reykjavík. Fjarlægðin er það mikil að verulegur sparnaður verður við rannsóknir á náttúru svæðisins miðað við að stunda þær frá höfuðborgarsvæðinu. Fjarlægðin er hins vegar það lítil að auðveldlega er hægt að tryggja nán tengsl milli setursins og höfuðstöðvanna í Reykjavík, þar sem aksturstími milli Stykkishólms og Reykjavíkur er aðeins um tvær klukkustundir.
5. Stykkishólmsbær hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum í atvinnulífinu á síðustu árum í kjölfar hruns hörpuðisksstofnsins og minnkandi rækjuveiða og því vega öll ný tækifæri til atvinnusköpunar í bæjarfélaginu mjög þungt.

3.1 Sérstaða náttúru svæðisins

Breiðafjörður, Snæfellsnes og norðanverður Faxaflói bjóða upp á óvenjulega fjölbreytilega náttúru og auðuga m.t.t. lífríkis, jarðmyndana og landslags. Svæðið er á meðal þeirra mikilvægustu á landinu fyrir fuglalíf, sérstaklega vaðfugla, gæsir, haförn og sjófugla og hvergi við Ísland er víðáttumeira grunnsævi og meiri fjölbreytileiki búsvæða í fjöru og sjó en á Breiðafirði.



3.1.1 Fjörur

Fjörur eru áberandi landslagsgerð á svæðinu, enda eru sjávarföll hvergi meiri á Íslandi en við Breiðafjörð. Um 64% af flatarmáli klettafjara landsins er við Breiðafjörð og 12% við Faxaflóa en af leirum landsins eru 40% við Breiðafjörð og 40% við Faxaflóa. Þessar tvær fjörugerðir eru þær lífauðugustu og innihalda langtum fjölbreytilegri tegundasamsetningu en aðrar fjörugerðir.

Víðáttumiklar fjörur svæðisins eru lífsnauðsynleg fæðusvæði fyrir margar fuglategundir árið um kring og eru sérstaklega mikilvægar fyrir mófugla í kuldatíð á vorin. Einnig eru fjörur þessar mikilvægasti viðkomustaður fargestanna rauðbrystings, tildru og margæsar á leið sinni til og frá varpstöðvum á Grænlandi og í norður Kanada en allar þessar tegundir eru háðar lífverum fjörunnar. Annað sem gerir fjörur svæðisins sérstakar er að þar er að finna yfirgnæfandi meirihluta allra sjávarfítja landsins.

3.1.2 Sjór og grunnsævi

Mikið grunnsævi og öflugir straumar með næringarríkum sjó gera lífríki sjávar einstaklega ríkt og fjölbreytt á svæðinu. Svo til allar fylkingar hryggleysingja eiga sér fulltrúa í fjörum og á grunnsævi en botninn er klæddur botnþörungum, sem eru frumframleiðendur á svæðinu auk svifþörungna. Þetta fæðuforðabúr er ákaflega dýrmætt fyrir marga stofna hryggdýra, þar á meðal fugla, fiska og menn. Þetta stórbrotna og flókna lífríki sjávar er það langmikilvægasta fyrir íslenska haförninn en um 90% varpstofnsins heldur til við Breiðafjörð og norðanverðan Faxaflóa. Nær allir íslenskir skarfar verpa á sama svæði, stærstu hvítmáfabyggðir landsins eru í fjöllum á norðanverðu Snæfellsnesi og stórar kríubyggðir eru víða, þar á meðal eitt stærsta kríuvarp landsins við Rif. Þá er Breiðafjörður helsta varpsvæði æðarfugls í landinu og þar er mikið af land- og útsel. Þá má nefna Látrabjarg við norðanverðan Breiðafjörð, sem er eitt stærsta fuglabjarg Evrópu. Breiðafjörður er þýðingarmikið hrygningar- og uppeldissvæði fyrir margar tegundir sem mikilvægar eru fyrir íslenskt efnahagslíf, s.s. þorsk, rækju, hörpuskel og hrognkelsi.

3.1.3 Eyjar

Breiðafjörður er ekki síst þekktur fyrir langstærsta eyjaklasa landsins. Á þriðja þúsund eyja, hólma og skerja er á firðinum en samanlögð strandlengja hans hefur verið áætluð 1.727 km. Lífríki eyjanna er sérlega auðugt og setur mikil sjófuglamergð ríkan svip á svæðið. Auk þess að vera merkilegur vegna náttúrufars er þessi stóri eyjaklasi einstakt landslagsfyrirbæri. Möguleikar eru á ýmiss konar samanburðarrannsóknnum á dýrum og plöntum, sem eru einstakar á Íslandi og jafnvel á heimsmælikvarða. Slíkar rannsóknir veita okkur oft skilning á mikilvægi ýmissa áhrifaþátta á stofna dýra og plantna.

3.1.4 Jarðfræði

Jarðfræði svæðisins er fjölbreytt og má t.d. á Snæfellsnesi finna sérstaklega fjölbreytilegar jarðmyndanir á tiltölulega litlu svæði, enda liggur Snæfellsnes þar sem gosbelti lá áður um Ísland. Berggrunnur Breiðafjarðar er 6-12 milljón ára gamall og tilheyrir elsta hluta berggrunns landsins. Sex megineldstöðvar eru þekktar við Breiðafjörð og þrjár til viðbótar á Snæfellsnesi. Frægust þeirra er að sjálfsögðu Snæfellsjökull. Jarðhiti í fjörum og sjó er óvída útbreiddari en við Breiðafjörð.



3.1.5 Verndun og alþjóðleg sérstaða

Alþjóðlega sérstöðu náttúru svæðisins má glögg sjá af því að fulltrúar 21 rannsóknastofnunar í löndum Evrópusambandsins hafa valið Breiðafjörð sem eitt 32 svæða og það eina á Íslandi, þar sem talið er sérstaklega heppilegt að stunda rannsóknir á líffræðilegum fjölbreytileika í sjó. Einnig hefur Breiðafjörður verið skilgreindur sem eitt af lykilsvæðum Evrópu fyrir vaðfugla og er á alþjóðlegum lista Birdlife International yfir mikilvægustu fuglasvæði álfunnar. Þá er þjóðgarður yst á Snæfellsnesi ásamt því að eyjar og strandlengja Breiðafjarðar eru verndaðar með sérlögum (nr. 54/1995). Auk þess má nefna að rætt hefur verið um möguleika þess að gera Breiðafjörð að Ramsar-svæði¹ og jafnvel setja svæðið á heimsminjaskrá UNESCO².

Af framangreindu má sjá að möguleikar á náttúruvannsóknnum eru ótæmandi á svæðinu og getur ávinningur af rannsóknunum verið mjög mikill. Þrátt fyrir það hafa rannsóknir á líffræði og jarðfræði svæðisins fram til þessa verið af frekar skornum skammti og sýndi þekkingarskortur á náttúrunni sig berlega þegar höfudstofninn á Breiðafirði hrundi nýverið og það sama má segja um orsakir fækkunar sjófugla á svæðinu síðustu ár. Með Háskólasetri Snæfellsness væri stigið mikilvægt skref í þá átt að auka þekkingu á náttúru svæðisins, öllum til hagsbóta.

¹ Ramsar-samþykktin gengur út á verndun votlendis sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

² Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) gerði árið 1972 samning um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins. Alþjóðasamfélagið verndar náttúruminjar sem búa yfir einstakri fegurð og menningarminjar frá fyrri siðmenningarskeiðum sem eru á heimsminjaskrá. Árið 1995 gerðust Íslendingar aðilar að samningnum og er Breiðafjörður eitt þeirra svæða sem Íslendingar vilja tilnefna á heimsminjaskrána.

Flæðirit. Þrjú meginþættir gera fuglalíf Breiðafjarðarsvæðisins einstakt: a) Viðáttumiklar leirur og fjörur vegna mikils munar flóðs og fjöru og langrar strandlengju. Þær eru mikilvægt búsvæði fyrir hryggleysingja og fugla. b) Viðáttumikið og frjósamt grunnsævi sem stendur undir auðugu lífríki, svo sem stórum sjófuglastofnum, einnig vegna þess að svæðið býður líka upp á yfirgripsmikið flatarmál varpsvæða á sama stað (eyjarnar). c) Stærsti eyjaklasi landsins, sem bæði er einstakt landslagsfyribærri og eins sérstakur hvað náttúrufer varðar. Lífríki Breiðafjarðar og aðstæður þar gefa fágætt svigrúm til ýmiss konar samanburðarrannsókna á dýrum og plöntum. Slíkar rannsóknir veita okkur oft skilning á mikilvægi ýmissa áhrifaþátta á stofna dýra og plantna.

Frjósemi sjávar

Há næringarefnastaða. Ræðst mikið af hitastigi og straumum.

Leirur

Uppsöfnun á lífrænu efni. Einstök hér vegna frjósemi sjávar og þess að mikið er af skjólsælum vogum og víkum þar sem setið getur safnast saman

Löng strandlengja

Víkur og vogar áberandi

Fjörur

Mikið flatarmál af klappar- og sandfjörum vegna langrar strandlengju og óvenju mikils sjávarfallaútslags.

Landslag

Grunnsævi

Sjófuglamerið

Sjófuglar þurfa hreiðurstæði sem þeir fá í eyjunum og þeir þurfa frjósamt grunnsævi til fæðuöflunar. Þetta er allt í Breiðafirði og skapar skilyrði á heimsælikvarða fyrir sjófugla.

Eyjar

Vaðfluglamerið

Breiðafjörður er eitt af lykilsvæðum Evrópu fyrir vaðfugla og er á alþjóðlegum listum yfir mikilvægustu fuglasvæði álfunnar.

Ríkulegt fuglalíf Breiðafjarðar stafar af samspili landslags og frjósemi sjávar



4. Hvers vegna háskólaþing?

Hér að framan var fjallað um einstaka náttúru svæðisins ásamt mikilvægi þess að auka rannsóknir á henni. Þegar kemur að slíkum rannsóknum hefði tilkoma háskólaþingar ákveðna sérstöðu miðað við annars konar rannsóknastarfsemi en hún felst einkum í tvennu:

Í fyrsta lagi fæst með háskólaþingi beintenging inn í gífurlega víðfeðmt tengslanet vísindamanna um allan heim, þar á meðal við erlenda háskóla. Það hversu sérstakt svæðið er í alþjóðlegu samhengi eykur líkurnar á að erlendir nemendur og sérfræðingar komi með erlent fjármagn til rannsókna á svæðinu, auk þess sem líkur á erlendum styrkjum til rannsókna Íslendinga á svæðinu stórukast.

Í öðru lagi sá ótvíræði kostur að með beintengingu við háskóla verður tryggt að nemendur í framhaldsnámi við skólann munu í stórukast mæli stunda rannsóknir sínar á svæðinu. Þar sem launakostnaður vegna framhaldsnema er minni en vegna sérfræðinga hefur þetta í för með sér betri nýtingu fjármagns. Auk þess þurfa framhaldsnemar í langflestum tilfellum sjálfir ásamt leiðbeinendum sínum að afla styrkja í rannsóknarverkefni sín, einkum úr samkeppnissjóðum á Íslandi eða erlendis. Miklar kröfur um vísindaleg gæði fylgja framhaldsnámi á háskólastigi og er aðhald umtalsvert. Með þessum hætti yrði því tryggt að um öflugar hágæðarannsóknir yrði að ræða, sem með minna aðhaldi væri ekki sjálfgæfið.

Háskólaþingið hefði beint og óbeint í för með sér stórukastar rannsóknir á náttúru Vesturlands en kostnaður íslenska ríkisins yrði í algjöru lágmarki miðað við aðra kosti.



5. Ávinningur

Stofnun Háskólaseturs Snæfellsness mun stórauka þekkingu á náttúru svæðisins. Með tiltölulega litlum kostnaði munu allir njóta góðs af setrinu: Háskóli Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, íbúar Stykkishólms og Vesturlands, ýmsar stofnanir á sviði náttúrufræða og þjóðin öll.



5.1 Fyrir Háskóla Íslands

Háskóli Íslands sér sinn hag í því að koma upp setrum á landsbyggðinni og hefur með bréfi sínu til Náttúrustofu Vesturlands, dags. 10. mars 2004 (sjá fylgiskjal í viðauka), lýst sérstökum áhuga á að koma upp setri í Stykkishólmi. Fyrir Háskólann hefði slíkt setur í för með sér ýmsa kosti, enda styrkti það bæði rannsóknir og kennslu á sviði náttúrufræða við skólann. Með Háskólasetri Snæfellsness í Stykkishólmi væru að auki komin enn betri tækifæri fyrir starfsmenn Háskólans til að stunda rannsóknir á einstakri náttúru svæðisins, sem mikill áhugi er fyrir innan skólans. Vegna sambýlis við Náttúrustofu Vesturlands er stofnkostnaður sáralítill og er strax hægt að hefjast handa við rannsóknir í stað þess að eyða umtalsverðum tíma og fjármunum í uppbyggingu húsnæðis og búnaðar.

5.2 Fyrir Náttúrustofu Vesturlands

Starfsemi Náttúrustofu Vesturlands hófst að marki árið 2001 þegar einn starfsmaður var hjá stofunni. Nú starfa þar fimm og stendur Náttúrustofan fyrir fjölbreyttri og metnaðarfullri starfsemi. Náttúrustofa Vesturlands hefði mikinn hag af því að tengjast starfsemi Háskóla Íslands. Ávinningurinn felst fyrst og fremst í því að þannig yrði til stærra og frjórra vísindalegt samfélag og einnig skapaðist beintenging við nám og rannsóknir við Háskólann. Formlegt samstarf Náttúrustofunnar við Háskólann gerir það jafnframt að verkum að líkur aukast á að Náttúrustofan fái úthlutað styrkjum úr erlendum og innlendum samkeppnisjóðum. Þannig fær ríkið enn meira fyrir fjárfestingu sína í Náttúrustofunni.



5.3 Fyrir Stykkishólm og Vesturland

Eitt af því sem stendur landsbyggðinni fyrir þrifum er skortur á atvinnutækifærum fyrir menntafólk. Háskólasetur á landsbyggðinni eru dæmi um vel heppnaða byggðastefnu, líkt og náttúrustofur. Þau skapa atvinnutækifæri og stuðla að betri búsetuskilyrðum á beinan og óbeinan hátt og hafa þannig jákvæð áhrif á mannlífið ekki síður en atvinnulíf, m.a. með því að veita þjónustu sem annars væri ekki fyrir hendi.

5.4 Fyrir ýmsar stofnanir

Ýmsar stofnanir aðrar en Náttúrustofa Vesturlands munu hafa mikinn hag af samstarfi við Háskólasetrið í Stykkishólmi, svo sem Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnunin, Veiðimálastofnun og Umhverfisstofnun.

5.5 Fyrir Ísland og umheiminn

Sífelld kemur betur í ljós hversu þekking manna á náttúrunni er mikilvæg. Þetta er kannski augljósast varðandi þekkingu á tegundum sem maðurinn nýtir sér á einhvern hátt en á líka við um tegundir sem veita okkur ánægju og innblástur. Þá er ófyrirsjáanlegt hvernig lífsskilyrði manna og dýra og nýting á náttúrunni þróast í náninni framtíð. Að auki bera Íslendingar alþjóðlega ábyrgð á ýmsum tegundum fugla sem hvergi á Íslandi eru jafn algengir og á umræddu svæði. Þetta á eflaust einnig við um margar aðrar lífverur svæðisins sem nú eru illa þekktar og órannsakaðar. Rannsóknir stuðla að upplýstri ákvarðanatöku varðandi nýtingu og verndun lykiltegunda og -búsvæða og eru því geysilega mikilvægar fyrir sjálfbæra þróun og hagsæld komandi kynslóða.

6. Kostnaður og fjármögnun

Kostnaður vegna stofnunar seturs Háskóla Íslands í Stykkishólmi er eins lágur og hann getur orðið. Stykkishólmsbær sækir um 8,7 milljónir til fjárlaganefndar til stofnunar Háskólaseturs Snæfellsness. Sveitarfélagið skuldbindur sig til afhenda fjárhæðina Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands til uppbyggingar Háskólaseturs í Stykkishólmi, skv. sérstökum samningi en drög að honum liggja fyrir.

Mótframlag Stykkishólmsbæjar við styrk fjárlaganefndar verður fólgið í:

1. Aðgangi starfsmanns Háskólasetursins að bóka- og greinasafni, rannsóknaaðstöðu og tækjabúnaði Náttúrustofu Vesturlands án endurgjalds. Er þetta gert með vitund og samþykki forstöðumanns og stjórnar Náttúrustofunnar.
2. Aðgangur starfsmanns Háskólasetursins að sameign ráðhúss Stykkishólmsbæjar og Náttúrustofu Vesturlands að Hafnargötu 3 án endurgjalds. Í sameign er m.a. glæsileg funda- og ráðstefnuaðstaða, kaffistofa, geymslur og salernisaðstaða.
3. Gistiaðstaða fyrir gestafræðimenn, sem koma tímabundið til rannsókna á náttúru svæðisins.

1. tafla. *Sundurliðun þess kostnaðar vegna stofnunar Háskólaseturs í Stykkishólmi, sem sótt er um til fjárlaganefndar Alþingis.*

Kostnaðarliðir	Kr.
Laun og launatengd gjöld	5.952.000
Ferðakostnaður	948.000
Leiga skrifstofu	300.000
Bækur og tímarit	200.000
Stuðn. við ferðir framhaldsnema	300.000
Stofnkostnaður	1.000.000
Samtals	8.700.000

Sótt er um 8,7 milljónir til fjárlaganefndar fyrir árið 2006.



7. Þakkir

Eftirtöldum aðilum er þökkuð ráðgjöf við gerð þessarar greinargerðar og yfirllestur handrits eða hluta þess:

Agnar Ingólfsson, prófessor í vistfræði, Háskóla Íslands

Arnþór Garðarsson, prófessor í dýrafræði, Háskóla Íslands

Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur og rithöfundur, Stykkishólmi

Jörundur Svavarsson, prófessor í sjávarlíffræði, Háskóla Íslands

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, fuglafræðingur, sviðsstjóri á Náttúrufræðistofnun Íslands

Menja von Schmalensee, líffræðingur, sviðsstjóri á Náttúrustofu Vesturlands

Róbert Arnar Stefánsson, líffræðingur, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands

Rögvaldur Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands

Tómas Grétar Gunnarsson, fuglafræðingur, University of East Anglia, Bretlandi

Ævar Petersen, fuglafræðingur, forstöðumaður Reykjavíkurstofu Náttúrufræðistofnunar Íslands

8. Helstu heimildir

- Agnar Ingólfsson 1975. Lífríki fjörunnar. Bls. 61-99 í: Arnþór Garðarsson (ritstjóri): Votlendi. Rit Landverndar 4. Landvernd.
- Agnar Ingólfsson 1998. Sjávarfitjar. Bls. 57-68 í: Jón S. Ólafsson (ritstjóri): Íslensk votlendi – verndun og nýting. Háskólaútgáfan.
- Agnar Ingólfsson 2005, persónulegar upplýsingar.
- Ari Trausti Guðmundsson 2001. Íslenskar eldstöðvar. Vaka-Helgafell.
- Arnþór Garðarsson 1998. Íslensk votlendi. Bls. 13-35 í: Jón S. Ólafsson (ritstjóri): Íslensk votlendi – verndun og nýting. Háskólaútgáfan.
- Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003. Útbreiðsla og fjöldi straumandar á Íslandi að vetrarlagi. Bliki 23: 5-20.
- Bæklingur um starfsemi Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands, 4 bls. Háskóli Íslands.
- Erlingur Hauksson 2005, persónulegar upplýsingar.
- Guðríður Þorvarðardóttir 1999. Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004. Breiðafjarðarnefnd og Umhverfisráðuneytið. 92 bls.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2005, persónulegar upplýsingar.
- Ævar Petersen 1989. Náttúrufar í Breiðafjarðareyjum. Bls. 17-52 í: Hjalti Kristgeirsson (ritstjóri): Árbók Ferðafélags Íslands 1989 – Breiðafjarðareyjar. Ferðafélag Íslands.

9. Myndaskrá

Myndir

Myndir á kápu (frá hægri): Arnarungi (RAS), toppskarfar (RAS), æðarfugl (ÓÞ), Snæfellsjökull (SB), rauðbrystingur (ÓÞ), þorskar (ÓÞ). Bls. 2: Gunnúlfsvellur við Kolgrafafjörð (RAS). Bls. 4: Bogkrabbar (ÓÞ). Bls. 5: Ráðhús Stykkishólmsbæjar (fyrir miðri mynd) (ÍHS). Bls. 7: Fjara í Hergilsey á Breiðafirði (RAS). Bls. 9: Álfur (RAS). Bls. 10: Toppskarfar, flestir ungar (RAS). Bls. 12: Starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands að störfum (RAS). Bls. 13: Ígulker (ÓÞ). Bls. 15 (efst): Tildrur á flugi (ÓÞ). Bls. 15 (neðst): Lundi (RAS).

Ljósmyndarar

ÍHS: Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

ÓÞ: Óþekktur ljósmyndari

RAS: Róbert Arnar Stefánsson

SB: Sigrún Bjarnadóttir

Viðauki



Róbert Arnar Stefánsson
forstöðumaður
Náttúrustofu Vesturlands
Stykkishólmi



Reykjavík 10. mars 2004

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands þakkar fyrir bréf dags 5. nóvember 2003

Stjórn stofnunarinnar hefur fjallað um hugmyndir Náttúrustofu Vesturlands, að samstarfi Náttúrustofunnar og Háskóla Íslands um rannsóknasetur. Hugmyndir þessar falla ákaflega vel að þeirri stefnumörkun sem unnin hefur verið á vegum Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands. Í þeirri stefnumörkun er gert ráð fyrir eflingu rannsóknastarfsemi og kennslu, einkum rannsóknánámi, á vegum Háskóla Íslands úti á landsbyggðinni. Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands hefur markað þá stefnu að efla þau Háskólasetur sem fyrir eru á landsbyggðinni og setja ennfremur á laggimar Háskólasetur þar sem þeirra er sérstök þörf og þar sem aðstæður bjóða upp á margvíslegar rannsóknir og kennslu. Háskólasetur á Snæfellsnesi gæti orðið mikilvægur hluti háskólastarfs á landsbyggðinni.

Tilvist Háskólaseturs á Snæfellsnesi hefur marga kosti og býður upp á nýja möguleika í rannsóknunum og kennslu. Þar skiptir megin máli hin fjölbreytilega náttúra Breiðafjarðar, sem er einstök í sinni röð. Hvergi á landinu er jafn fjölbreytilegt samsafn búsvæða eins og í Breiðafirði. Talið er að 65% af klapparfjörum landsins séu í Breiðafirði og 40% af leirum landsins. Fuglalíf Breiðafjarðar er einstakt, m.a. vegna stórkostlegra fuglabjarga og amarrstofnsins. Tækifæri til rannsókna á fuglum eru því einstök.

Sambýli Náttúrustofu Vesturlands og Háskólaseturs á Snæfellsnesi, Háskólaseturs Snæfellsness, hefði marga kosti og leysir ýmis vandamál. Stofnun fræðasetra HÍ leggur mikla áherslu á slíka samvinnu. Af þessu kemur hagræðing í rekstri, auk þess sem úr þessu verður stærra samfélag fræðimanna.

Háskólinn vill standa veglega að stofnun Háskólasetra á landsbyggðinni. Hér er um að ræða mikilvægur einingar, sem þurfa að geta staðið sig sem sóma. Því er brýnt að Háskólinn hafi a.m.k. tvo starfsmenn á sínum vegum í viðkomandi Háskólasetri, sem hefðu akademiska stöðu (aðjunkt, lektor, dósent) við Háskóla Íslands.

Háskólinn hefur fullan hug á því að stofna Háskólasetur á Snæfellsnesi. Því miður hefur Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands ekki ennþá fjármuni til slíks á þessum forsendum. Komi fjármunir til verkefnisins, verður Háskólasetur á Snæfellsnesi umsvifalaust að veruleika.

Virðingarfyllst

Rögnvaldur Ólafsson
formaður stjórnar

